



## **MPM – Master of Project Management**

Er heimþjálfun í lestri að skila  
mælanlegum árangri hjá nemendum?

Rýni í lestrargreiningar, þjálfun og verkferla  
nemenda í 6. bekk grunnskóla

**Maí 2018**

**Nafn nemanda:** Stefanía Helga Björnsdóttir

**Kennitala:** 020268 - 4769

**Leiðbeinandi:** Hlynur Stefánsson

10 ECTS ritgerð til MPM – Master of Project Management

## Útdráttur

Allir foreldrar vilja það besta fyrir börnin sín og kappkosta að þeim skorti sem minnst og líði sem best í lífinu. Verið getur að við séum ekki að einbeita okkur að réttu hlutunum þegar kemur að þörfum þeirra og væntingum í lífinu. Í þjóðfélaginu okkar eru háværar umræður um það hversu illa læst unga fólkið okkar er. Það hafa verið uppi umræður um að fella niður heimanám barna.

Með þessari rannsókn ætlar rannsakandi að skoða mikilvægi heimaþjálfunar. Fengnar voru upplýsingar úr þremur grunnskólum og þær rýndar. Þetta voru niðurstöður úr Logoslesskimunum þar sem mældur er lestrarhraði og lesskilningur, ásamt lesfímikönnunum í sama árgangi. Nemendurnir eru fæddir árið 2006 og eru því í 6. bekk þegar lestrargreiningin er lögð fyrir. Niðurstöður úr þessum greiningum eru svo notaðar til að raða nemendum í hópa eftir getu þeirra í lestri og lesskilningi og markviss þjálfun fer af stað. Nemendur eru svo endurmetnir eftir um það bil sex vikna markvissa þjálfun sem fer fram heima fyrir undir styrkri leiðsögn og eftirfylgni kennara. Tekin voru viðtöl við forsvarsmenn skólanna og skoðað hvort að þeir væru allir að beita sömu aðferðum við heimaþjálfunina. Niðurstöður þessarar rannsóknar benda til að ef markvissri lestrarþjálfun er fylgt eftir heima fyrir og í skóla skilar sú vinna miklum árangri hjá nemendum. Einnig kom það í ljós að nemendur virðast tapa niður umtalsverðum lestrarhraða yfir sumartímann sem sýnir aftur hversu mikilvægt það er að halda þjálfuninni við allan ársins hring.

## Innihald

Útdráttur .....	1
Inngangur .....	3
Bakgrunnur verkefnisins .....	4
Aðkoma skóla.....	6
Þátttaka foreldra .....	7
Rannsóknaraðferðir .....	8
Niðurstöður.....	10
Skóli 1 .....	10
Skóli 2 .....	12
Skóli 3 .....	14
Umræður.....	17
Lokaorð .....	19
Þakkir .....	20
Heimildaskrá .....	21

## Inngangur

Ekki eigum við öll jafn auðvelt með að læra að lesa og geta margar ástæður legið þar að baki. Mikilvægt getur verið að gripið sé inn í lestrarnám barna sem fyrst til að greina vandann. Í öllum grunnskólum Reykjanesbæjar eru nemendur í 3., 6. og 9. bekk lestrargreindir. Tækið sem notað er við þá greiningu er kallað Logos-lesskimunarpróf. Prófið kemur upphaflega frá Noregi en hefur verið þýtt og staðfært yfir á íslensku. Ætlunin með þessari rannsókn er að rýna í þau greiningargögn sem safnast hafa um lestrargetu nemenda 6. bekkja ásamt niðurstöðum úr lesfimiþrófum sem nemendur hafa tekið og reyna að komast að því hvort að markviss heimaþjálfun skili sýnilegum árangri í lesfimi nemenda. Niðurstöður skimananna skipta nemendum niður í fjóra hópa, allt eftir getu hvers og eins. Fyrir þá nemendur sem skora lágt í Logos-greiningu grípa skólarnir strax til aðgerða og skipulagt ferli fer í gang. Hver skóli hefur útbúið sérstaka þjálfunarpakka þar sem unnið er markvisst með lestrarþjálfun sem að miklu leyti fer fram heima. Þjálfunaraðferðirnar og eftirfylgni eru mismunandi eftir skólum en allir eiga þeir það sameiginlegt að ákveðið þjálfunarferli fer af stað eftir fyrirlögn Logos-lesskimunarinnar.

## Bakgrunnur verkefnisins

Eins og fram kom í inngangi hér að ofan þá hefur nokkuð hávær umræða verið um lestrarvanda grunnskólabarna á Íslandi. Talað er um að þau séu ólæs eða illa læs og er það ekki vel. Samhliða þessum umræðum er talað um að heimanám/þjálfun barna sé jafnvel orðið barn síns tíma á meðan að aðrir telji að það geti skipt sköpum í námi barnsins. Til að efla lestrarkennslu og reyna að stemma stigu við þessari þróun þá greip mennta- og menningarmálaráðuneytið til þeirra ráða að gefa úr bókina *Hvítbók um umbætur í menntun*. Í þeirri bók eru meðal annars sett fram tvö meginmarkmið um umbætur í menntun á Íslandi til ársins 2018: Annað þessara markmiða er að 90% grunnskólanema nái lágmarksviðmiðum í lestri fyrir árið 2018, en árið 2014 náði einungis 79% því markmiði. Til að svo megi vera þarf að móta viðmið um lestrarkunnáttu nemenda og ákvarða hvaða færni þeir eiga að hafa náð á hverju skólastigi fyrir sig. Eins og nafn bókarinnar gefur til kynna er henni ætlað að stuðla að umbótastarfi innan menntakerfisins og stefna að því að íslensk ungmenni eigi sömu möguleika til að starfa í heimi sem breyttist frá degi til dags. Ef svo á að vera þurfum við að bjóða upp á menntakerfi sem stenst samanburð við þau lönd sem við viljum bera okkur saman við („Hvítbók um umbætur í menntun“, 2014.)

Í kjölfar Hvítbókar undirrituðu mennta- og menningarmálaráðuneytið, sveitafélög og Heimili og skóli, landssamtök foreldra *Þjóðarsáttmála um læsi*. Með undirrituninni var staðfestur sameiginlegur skilningur á því að læsi stuðli að því að einstaklingar verði virkir þátttakendur í samfélaginu og að allir fái tækifæri til að nýta hæfileika sína sjálfum sér og samfélaginu til hagsbóta. Með sáttmálanum er stefnt að því markmiði að öll börn sem ljúka grunnskóla búi yfir þeirri hæfni að geta lesið sér til gagns og gamans („Þjóðarsáttmáli um læsi“, 2015.).

Haustið 2015 tók Menntamálastofnun (MMS) við keflinu og hóf vinnu við þróun á skimunar- og stöðuprófum fyrir grunnskóla og kallast verkefnið *Lesferill*. Þessum prófum er ætlað að mæla lesfimi nemenda. Lesfimi er sú færni sem felst í leshraða, lestrarnákvæmni, áherslum og hrynjandi í lestri. Lesfimipróf eru stöðluð próf sem taka mið af aðalnámskrá grunnskóla. Þeim er ætlað að mæla rétt lesin orð á mínútu. Prófin eru lögð fyrir nemendum í 1. – 10. bekk grunnskóla. Tvö próf eru fyrir hvern árgang og þyngd textans fer stigvaxandi. Prófin eru lögð fyrir þrisvar á ári í september, janúar og maí ár hvert. Prófunum er ætlað að meta nákvæmni nemenda í raddlestri og stíganda í lesfimi innan- og milli skólaára („Fræðilegur bakgrunnur lesfimi“, 2015.).

Í því sjónarmiði hefur MMS sett fram lesfimiviðmið sem stuðla eiga að stíganda í lestrarnámi barna og ungmenna á Íslandi og er fyrsti hluti þessara prófa kominn í notkun í skólum landsins.

Viðmiðin byggja á stöðluðum lesfimiþrófum og mæla lesin orð á mínútu. Þessi próf eru lögð fyrir alla nemendur grunnskólanna þrisvar á ári í september, janúar og maí og hafa skólarnir u.þ.b. fjórar vikur til að leggja prófin fyrir og skila niðurstöðum þeirra til MMS. Lesfimiviðmiðin eru þrískipt en það er gert til að koma til móts við þann fjölbreytta nemendahóp sem ætlað er að þreyta prófin. Viðmiðin má sjá í töflu 1 („Lesfimiviðmið Menntamálastofnunar“, 2018.).

Aldur nemenda	90% viðmið	50% viðmið	25% viðmið
5. bekkur	90	140	160
6. bekkur	105	155	175

Tafla 1 Lestrarviðmið MMS

Tafla 1 sýnir lestrarviðmið eins og MMS setur þau fram. Til að glöggva sig betur á töflu 1 þá tákna prósentutölurnar lestrarviðmiðin þrjú sem getið er hér að ofan. Stefna MMS er að 90% nemenda nái viðmiði 1. Í viðmiði 1 þurfa nemendur að geta lesið 105 rétt lesin orð á mínútu í það minnsta. Að 50% nemenda nái viðmiði 2. Nemendur þurfa að geta lesið 155 rétt lesin orð á mínútu. Að 25% nemenda nái viðmiði 3, en þar eiga nemendur að geta lesið 175 rétt lesin orð á mínútu í það minnsta („Lesfimiviðmið Menntamálastofnunar“, 2018.). Rauðu tölurnar tákna þann fjölda rétt lesinna orða á mínútu sem eðlilegt er talið að nemendur nái að lesa að vori.

Með undirritun Þjóðarsáttmála skuldbundu sveitarfélög landsins sig til að marka sér læsisstefnu og nýti sér þau tölulegu gögn sem fyrir liggja til að efla skólustarf sitt enn frekar. Reykjanesbær hefur markað sér læsisstefnu og kemur þar fram að lestur sé lykill að nýrri þekkingu. Þar er einnig talað um mikilvægi þess að lesið sé daglega með eða fyrir börn, heima og í skólanum og skapa með því jákvætt viðhorf til lestrar ásamt fjölbreytilegri lestrarupplifun yfir daginn („Læsisstefna Reykjanesbæjar“, 2017). Til að standa við þessar skuldbindingar hafa skólar Reykjanesbæjar markað sér læsisstefnu og útbúið verkferla sem unnið er eftir. Einn þáttur í ferlinu er að Logos-skima alla nemendur grunnskóla bæjarins.

Logos-skimun er nafn á tæki sem notað er til að greina og leita eftir nemendum með lestrarörðugleika. Tækið kemur upphaflega frá Noregi en hefur verið þýtt og staðfært að íslensku. Prófið í heild sinni er ansi yfirgripsmikið en því er ætlað að mæla tólf þætti læsis. Við grunnskimun í Logos eru tveir fyrstu þættirnir notaðir en þeir eru leshraði og lesskilningur. Talnagildin í líkaninu vísa til hversu mörg prósent nemenda í stöðlunarhópum standa sig jafnvel eða lakar en nemandinn sem er verið að prófa. Sérstök réttindi þarf til að leggja prófið fyrir.

Þeir aðilar sem það gera hafa hlotið þjálfun í því og einungis þeir sem hafa hlotið þessa þjálfun hafa leyfi til þess. Kennsluráðgjafar frá Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar koma inn í skólana og leggja Logos-skimunina fyrir nemendur. (Bjarnfríður J. Jónsdóttir, Guðbjörg Ingimundardóttir, Guðlaug Snorradóttir og Gyða Arnmundsdóttir, 2008).

Með skimuninni er hægt að greina þá nemendur sem eiga við lestrarvanda að stríða og ná ekki þeim viðmiðum sem MMS hefur sett fram. Í framhaldi af skimuninni er nemendunum ráðað í fjóra flokka. Þeir nemendur sem flokkast í flokk þrjú og fjögur eru þeir nemendur sem eiga við einhverja lestrarerfiðleika að stríða og þurfa á markvissri þjálfun að halda. Ef nemendur ná ekki settum viðmiðum fer af stað eftirfylgniferli þar sem unnið er markvisst með nemendum í nánú samstarfi við heimilin. Eftir um sex vikna eftirfylgni þar sem nemandinn er í markvissri þjálfun hjá foreldrum fer nemandinn aftur í skimun. Ef þurfa þykir heldur þessi þjálfun áfram þar til viðmiðum er náð. Þó ber að geta þess að sumir nemendur koma ekki til með að ná viðmiðunum sökum lesblindu eða annarra erfiðleika.

Ekki er nægjanlegt að nemendur nái þessum viðmiðum, þeim þarf að viðhalda og krefst það áframhaldandi þjálfunar alla skólagönguna. Menntakerfið þarf að gæta sín á að falla ekki í þá gryfju að hætta allri þjálfun þegar tilskildum viðmiðum er náð. Rannsóknir hafa sýnt fram á að nemendur sýna litlar framfarir í lesfimi á milli mið- og unglíngastígs og að lesfimi þeirra er mjög ábótavant við lok grunnskóla („Lesfímiviðmið Menntamálastofnunar“, 2018.). Hluti af því að viðhalda þeirri færni sem nemendur hafa náð á hverju skólastigi er að halda áfram að þjálfva lesturinn yfir sumartímann og hvetja skólarnir nemendur sína til sumarlesturs. Sumarfrí frá skólastarfinu þýðir ekki að börnin eigi að hætta að lesa eða læra. Nemendur þurfa hvíld frá hefðbundnu námi í sumarfríinu en foreldrar geta hvatt börn sín til sumarlestrar. Sumarlesturinn þarf að vera skemmtilegur og áhugavekjandi, ef vel tekst til getur það orðið til þess að vekja upp ómetanlegan áhuga á lestri góðra bóka („Lesum í sumar“, 2018.).

## Aðkoma skóla

Allir þátttökuskólarnir hafa markað sér læsisstefnu, eins og segir til um í þjóðarsáttmála, þar sem ýtarlega er farið yfir alla þætti læsis. Allir skólarnir leggja áherslu á mikilvægi samvinnu heimilis og skóla. Skólarnir hvetja kennara til að tileinka sér nýjar aðferðir við lestrarkennsluna og vera stöðugt að bæta í verkfærakistur sínar.

Skólarnir útbúa þjálfunarpakka sem nemendur fara með heim og æfa sig heima með aðstoð foreldra. Mikil vinna hefur verið lögð í að útbúa þjálfunarefnið þannig að það henti sem best stöðu hvers nemanda fyrir sig. Efnið stigþyngist þannig að nemandinn öðlast meiri færni með

hverjum þjálfunarpakka sem það fær með sér heim. Með þessum þjálfunarpökkum hafa verið gerðir leiðarvísar fyrir foreldra þannig að þeir viti nákvæmlega hvernig þjálfunin skal fara fram. Allir skólarnir sem tóku þátt í þessari rannsókn hafa útbúið kynningarbæklinga þar sem farið er vel yfir aðferðirnar sem þjálfar á hverju sinni. Markmiðið með heimalestrinum er að nemendur auki leshraða, bæti orðaforða og málskilning sinn. Hluti af þjálfuninni er að kanna hvort að barnið skilji textann sem það les. Því er nauðsynlegt að skapa umræður um efnið og spyrja barnið út í efnið sem lesið er.

## Þátttaka foreldra

Læsi barna er samvinnuverkefni og mikilvægt að foreldrar og aðstandendur taki virkan þátt í námi barna sinna. Stuðla þarf að daglegum lestri alla skólagönguna og fylgjast þarf með framvindu og árangri („Þjóðarsáttmáli um læsi“, 2015.). Það að foreldrar gefi sér tíma á degi hverjum til að þjálfar lestrarfærni barna sinna er ein af undirstöðunum fyrir áframhaldandi námi og velferð barnsins. Ef vinna á markvisst að þjálfuninni þarf að undirbúa og kenna foreldrum þær þjálfunaraðferðir sem vinna á með heima. Það er ekki hægt að ætlast til þess að foreldrar kunni að vinna með þær lestraraðferðir sem sendar eru heim með barninu. Í grein eftir Kupzyk er rætt um mikilvægi þess að þjálfar þurfi foreldra í lestrarþjálfun og segir meðal annars þetta: Foreldraþjálfunin þarf að fara fram á stuttum námskeiðum í skólanum eða með kynningarbæklingum, þar sem kennarinn fer yfir aðferðirnar með foreldrunum og barninu. Hvetja þarf foreldra til að koma lestrarþjálfuninni fyrir í daglegu skipulagi heimilanna til að fyrirbyggja að þjálfunin gleymist. Í ljós kom að þegar regla var komin á þjálfunina að þá fengu bæði börnin og foreldrarnir miklu meira en lestrarþjálfun út úr þessari samvinnu. Hún hafði einnig mikið félagslegt gildi fyrir alla aðila. Rannsóknin sýndi að eftir að foreldrarnir höfðu fengið kennslu og leiðsögn við að þjálfar börnin sín heima þá skilaði þjálfunin miklum og sýnilegum árangri (S. S. Kupzyk og Daly, 2017). Heimilin eru þó misvel í stakk búin til að sinna þjálfuninni. Taka verður tillit til þeirra foreldra sem af einhverjum ástæðum geta ekki sinnt þjálfuninni sjálfir. Til eru foreldrar sem eru illa eða ólæsir og getur það verið mikil áskorun fyrir þá að sinna þjálfuninni og hjálpa barninu sínu sem er jafnvel orðið betur læst en foreldrið. Einnig getur þjálfunin verið erfið fyrir fólk sem er af erlendu bergi brotið og hefur annað tungumál að móturmáli. Til að auðvelda þessum foreldrum við að þjálfar lestur má til að mynda notast við hljóðbækur eða annars konar upptökur (S. Kupzyk, McCurdy, Hofstadter og Berger, 2011). Það er samvinnuverkefni heimilis og skóla að finna hvaða þjálfunaraðferð hentar hverju sinni.



## Rannsóknaraðferðir

Þátttakendur voru nemendur í 6. bekk í þremur skólum í Reykjanesbæ skólaárið 2017 - 2018 og eru nemendurnir 104 talsins. Í öllum gögnum og niðurstöðum rannsókna hér á eftir, verða skólarnir tilgreindir sem Skóli 1, Skóli 2 og Skóli 3. Allir þátttakendur voru prófaðir með Logos–lesskimunarprófum í nóvember 2017. Að skimun lokinni var nemendum skipt í fjóra flokka: Flokk eitt, tvö, þrjú og fjögur. Þeir nemendur sem lenda í flokki þrjú og fjögur eru þeir nemendur sem talið er líklegast að eigi við lestrarörðugleika af einhverju tagi að etja. Mikilvægt þykir að þessir nemendur fái markvissari þjálfun en þeir nemendur sem lenda í flokki eitt og tvö. Í kjölfar skimunar tóku nemendur þátt í sex vikna lestrarátaki þar sem þeir þurftu að þjálfast lestur markvisst heima að lágmarki fimm sinnum í viku. Að lokinni þjálfun í mars 2018 var hluti nemenda, þ.e. þeir nemendur sem flokkuðust í hóp þrjú og fjögur endurmetnir. Gögnum um lestrarfærni nemendanna var safnað saman og unnið var með niðurstöður úr Logos-lesskimunarprófum og lesfimiþrófum frá MMS. Rannsakandi fékk engar persónulegar upplýsingar um nemendur. Til að gæta leyndar höfðu nemendur verið númeraðir handahófskennt og hvergi kemur fram nafn nemandans eða önnur auðkenni.

Viðtöl voru tekin við fulltrúa skólanna. Viðmælendur voru verkefnastjórar yfir lestrar-teymum skólanna og aðstoðuðu þeir við öflun gagna. Stuttur spurningarlisti var lagður fyrir viðmælendur.

Spurningarlisti sem lagður var fyrir:

1. Sendið þið þjálfunarefni heim með nemendum að lokinni Logos–skimun?
2. Þjálfði þið foreldra í þeim aðferðum sem þeir eiga að vinna með/þjálfast heima?
3. Er fylgst með því að þessi þjálfun fari fram heima?
4. Finnst ykkur þessi vinna/þjálfun vera að skila mælanlegum árangri hjá nemendum?

Svör viðmælenda verða notuð til að kanna hvort að skólarnir séu með ákveðna verkferla varðandi heimaþjálfun sem fer af stað að afloknum Logos-skimunum.

Nemendurnir fóru í Logos-skimun í nóvember, þar sem mældur var leshraði og lesskilningur. Í kjölfar skimunar fóru allir nemendurnir í sex vikna lestrarátak þar sem nemendur þjálfast markvisst lestur að minnsta kosti fimm sinnum í viku. Þetta átak á að fara fram bæði í skólanum og á heimilunum. Nemendur fara heim með lestrarþakka sem þeir vinna heima og foreldrar eiga að hlusta á þá lesa og kvitta svo fyrir. Mikilvægt er að hlustað sé af athygli og nemandinn spurður út í textann við lok lestrar. Flestir nemendur í hópum þrjú og fjögur fóru í Logos-

endurmat í mars. Í tveimur skólum af þremur eiga allir nemendur í hópum þrjú og fjögur kost á því að fara í endurmat hvort sem heimaþjálfun er sinnt eða ekki. En í einum skólanum eiga einungis þeir nemendur sem sinntu heimaþjálfuninni kost á endurmati.

Lesfimiþrófin sem unnið er með voru lögð fyrir nemendur í janúar 2017, maí 2017, september 2017 og janúar 2018. Þessi próf mæla fjölda lesinna orða á mínútu. Til að hafa samanburð var einungis unnið með niðurstöður úr Logos-skimunum og lesfimiþrófum nemenda sem eru í flokki þrjú og fjögur og fara í endurmat. Reiknað var meðaltal úr hverjum flokki fyrir sig þ.e. meðaltal leshraða og lesskilnings úr Logos-skimun annars vegar og meðaltal rétt lesinna orða á mínútu hins vegar. Í framhaldi af þessari vinnu voru niðurstöðurnar úr Logos-skimunum settar upp í stöplarit sem sína muninn á milli skimanna sem fram fóru í nóvember 2017 og mars 2018. Niðurstöður úr lesfimiþrófunum eru sýndar sem línurit til að skoða hvort stígandi sé í lesfimi nemenda. Út frá niðurstöðum úr prófunum er reynt að álykta um hvort að heimaþjálfun nemenda virðist bera árangur.

## Niðurstöður


Hér á eftir verða niðurstöður skólanna þriggja skoðaðar hvor í sínu lagi. Að afloknum viðtölum við viðmælendur liggur ljóst fyrir að mikið samstarf er á milli heimila og skóla. Skólarnir leggja allir mikla áherslu á lestrarkennslu og er mikið starf unnið í þeim efnum í öllum skólunum. Eftirfylgni í lestrarkennslu með áherslur á mikilvægi þjálfunar heima fyrir er einnig hjá öllum skólunum. Skólarnir marka sér þó allir mismunandi lestrarstefnur og vinnuferla og vinnu-aðferðir eru ekki eins hjá þeim þegar kemur að eftirfylgninni og endurmati. Það skal tekið fram að niðurstöðurnar sýna einungis meðaltal þeirra nemenda sem eru í flokki þrjú og fjögur og ætla má að eigi við lestrarvanda að stríða eins og áður hefur komið fram. Því má gera ráð fyrir því að þeir séu allir við eða undir 90% lestrarviðmiði.

### Skóli 1

Rætt var við verkefnastjóra í skóla 1 og voru svör hans við spurningunum eftirfarandi:


„Eftir að Logos– skimun hefur farið fram og skólinn fengið niðurstöðurnar fer af stað fastmótað ferli sem skólinn vinnur eftir. Skólinn hefur útbúið þjálfunarpakka sem sendir eru heim með nemendum og fer þjálfunin fram í ákveðinn tíma, oftast um sex vikna skeið. Útbúnir hafa verið kynningabæklingar þar sem foreldrar fá góð fyrirmæli um það hvernig staðið skuli að þjálfuninni. Kennarar fylgjast með því að þjálfunin fari fram heima. Þjálfunin hefur verið að skila mjög góðum árangri hjá þeim nemendum sem sinna henni. Í kjölfar þjálfunarinnar fara allir nemendur í hópum 3 og 4 í Logos-endurmat.“

Eins og fram kemur hér að ofan fá allir nemendur í hópum 3 og 4 að fara í Logos–endurmat þó svo að heimaþjálfuninni hafi ekki verið sinnt að fullu. Eftir að rýnt hefur verið í niðurstöður úr báðum Logos-skimununum kemur í ljós að nemendur í Skóla 1 hafa bætt færni sína bæði í leshraða og lesskilningi á milli skimanna.



Mynd 1. LOGOS - skimun skóli 1

Eins og mynd 1 sýnir þá eru nemendur í skóla 1 að bæta árangur sinn bæði í leshraða og lesskilningi á milli skimanna. Talnagildin í líkaninu vísa til hversu mörg prósent nemenda í stöðlunarhópum standa sig jafnvel eða lakar en nemandinn sem er verið að prófa. Leshraði hefur aukist um 18,2 stig og lesskilningur hefur einnig aukist um 15,3 stig. Stígandinn sem er í báðum þáttum skimunarinnar sýnir að nemendur eru að skila jákvæðum mælanlegum árangri.



Mynd 2. Lesfimiþróf skóli 1

Mynd tvö sýnir okkur meðaltal lesinna orða á mínútu í skóla 1. Á henni eru lestrarviðmið MMS táknuð með gráum brotalínum. Hækkunin sem verður á viðmiðunum á milli maí og september má skýra þannig að gert er ráð fyrir stíganda í leshraða nemenda á milli 5.- og 6. bekkjar. Hópur 1 sem táknaður er með gulri línu er sá hópur sem fékk heimaþjálfun og fór í Logos-endurmat en hópur 2 sem táknaður er með blárrí línu fékk heimaþjálfun en mætti ekki í


Logos-endurmat. Hér má sjá að meðaltal nemenda beggja hópanna hefur hækkað umtalsvert og hafa báðir hóparnir náð upp fyrir viðmið 1.

## Skóli 2

Rætt var við verkefnastjóra í Skóla 2 og voru svör hans við spurningunum eftirfarandi:


„Eftir að Logos-skimunin hefur farið fram þá er því skilað til okkar frá FRÆ. Á þeim skilafundi förum við yfir nemendahópin og hópaskiptingu kennsluráðgjafa á nemendum. Því næst förum við í áttak sem getur falist í að auka/æfa lesskilning með lestraræfingum heima, lestrarhópum í skólanum o.fl. ásamt venjulegum heimalestri. Eftir 5-6 vikur fer einn hópur, sá sem er líklegastur talinn geta verið með lestrarerfiðleika tengt dyslexíu, í endurmat og í framhaldi af því er tekin ákvörðun í samráði við foreldra um lestrargreiningu. Við þjálfum ekki foreldra, fáum þá ekki heldur á fund með okkur fyrir átakið. Það sem við gerum er að senda póst heim með leiðbeiningum eða áhersluatriðum vegna lestrarátaksins og nefnum helstu ástæðurnar fyrir því í pósti til þeirra. Við fylgjum átakinu eftir og hringjum heim séu nemendur ekki að fylgja eftir fyrirkomulaginu. Ítrekum það við foreldra hversu mikilvægt það er að halda þetta út í þennan stutta tíma, sem flestir skilja og gera. Það fer mikið til eftir nemandanum hverju það skilar og hans framlagi. En við endurmetum auðvitað bara lítinn hluta af hópnum og getum því bara áætlað út frá þeim. Taka verður með í reikninginn að það eru einmitt þeir nemendur sem falla að “dyslexíu-prófilnum” og má því ætla að árangur þeirra verði kannski ekki eins mikill og hinna í bekknum.“

Eins og fram kemur í svörum verkefnastjóra í skóla 2 fara einungis þeir nemendur sem eru í hópum 3 og 4 í endurmat. Eftir að rýnt hefur verið í niðurstöður úr báðum Logos-skimununum kemur í ljós að nemendur í Skóla 2 hafa bætt færni sína í leshraða og lesskilningi á milli skimanna.



Mynd 3. Logos-skimun skóli 2.

Mynd 3 sýnir að nemendur í skóla 2 eru að bæta árangur sinn bæði í leshraða og lesskilningi á milli skimanna. Talnagildin í líkaninu vísa til hversu mörg prósent nemenda í stöðlunarhópnum standa sig jafnvel eða lakar en nemandinn sem er verið að prófa. Leshraði hefur aukist um 6,2 stig og lesskilningur hefur eining aukist um 2,7 stig. Stígandinn sem er í báðum þáttum skimunarinnar sýnir að nemendur eru að skila jákvæðum mælanlegum árangri.



Mynd 4. Lesfimiþróf skóli 2

Mynd 4 sýnir okkur meðaltal lesinna orða á mínútu hjá nemendum í skóla 2. Á myndinni eru viðmið MMS tilgreind með gráum brotalínum. Nánari skýringar á viðmiðunum má finna í texta við mynd 2. Tölur fyrir mælingar í maí 2017 voru ekki til staðar. Af þeim sökum er ekki

tenging á milli punktanna í janúar og september. Hópur 1 sem táknaður er með gulri línu er sá hópur sem fékk heimaþjálfun og fór í Logos-endurmat en hópur 2 sem táknaður er með blárrí línu fékk heimaþjálfun en mætti ekki í Logos-endurmat. Hér má sjá að meðaltal nemenda í báðum hópum hefur hækkað en er þó ekki komið upp fyrir viðmið 1.


### Skóli 3

Rætt var við verkefnastjóra í Skóla 3 og voru svör hans við spurningunum eftirfarandi:

„Þegar við erum búin að leggja fyrir Logos og fá niðurstöðurnar úr skimuninni þá erum við með aðgerðaráætlun um það hvað við gerum við niðurstöðurnar. Skil á niðurstöðum til nemenda og foreldra eru þannig að þeir fá bréf með niðurstöðum og í framhaldi þá eru þeir nemendur sem þarfnast frekari þjálfunar boðaðir á fund til deildarstjóra. Ef markmiðið er að auka leshraðann þá fá nemendur markvissar hraðaæfingar sem þjálfaðar eru í u.þ.b. sex vikur. Þessar æfingar fara fram heima. Eftir að æfingunum líkur þá eru nemendur hraðaprófaðir aftur og þeir þurfa að ná lágmarksviðmiðum og nemendur sem ekki ná viðmiðum halda áfram í þjálfun. Í 6. bekk koma kennsluráðgjafar frá FRÆ aftur inn í skólann og endurmeta þá nemendur sem eru búnir að sinna þjálfuninni. Það er alveg skýrt fyrir fram að eingöngu þeir nemendur sem hafa sinnt þjálfuninni hafa rétt á endurmati. Það er enginn tilgangur í því að eyða tíma kennsluráðgjafanna að endurmeta þá nemendur sem ekki eru að sinna þjálfuninni. Þegar nemendur hafa verið endurmetnir þá er niðurstöðunum skilað heim. Niðurstöðurnar eru nær alltaf jákvæðar og eru að sýna miklar framfarir þó mismiklar því börn með dyslexíu eru að sýna hægari framfarir en þó alltaf einhverjar. Fyrir þá nemendur sem ekki ná viðmiðum þá reynum við að leggja áherslu á þá þætti sem þau eru ekki að ná. Þá eru þeir líka sérstaklega þjálfaðir í skólanum. Það sem skiptir mestu máli eru samskiptin milli heimilis og skóla, að foreldrar séu vel upplýstir um hvað ætlast er til af þeim. Með þjálfunarefninu eru leiðbeiningar og þar kemur fram hvernig ætlast er til að unnið sé. Maður verður líka að velja texta sem passar vel við aldurinn til að hafa þetta skemmtilegt en ég hef fengið nemendur til að hjálpa mér við það. Ef þeim finnst efnið leiðinlegt þá skipti ég því út þannig að þau eru búin að hjálpa mér svolítið við að búa þessa pakka til. Ég hringi heim og bið foreldra að láta mig vita ef að þau eru sérstaklega ánægð með eitthvað og eins ef það er eitthvað sem mætti fara betur þá bið ég þau endilega að látið mig vita. Foreldrar hafa þannig líka verið með í að búa til þessa pakka. Það er mest vinnan að búa þakkana þannig að þú getir farið í næsta þyngdarstig og ég treysti því að ef þú ert búinn að vinna þetta samviskusamlega að þá eigir þú að geta farið í næsta pakka. Það er rosalega gott að hafa aðgerðaáætlun þar sem ákveðið er hvenær skimunin verður lögð fyrir, hvenær eigi að skila niðurstöðum til foreldra þannig að foreldrar eru alltaf

upplýstir um það sem í vændum er. Mikilvægt er að standa við þær dagsetningar sem hafa verið gefnar upp.“


Í skóla 3 er sá háttur hafður á að einungis þeir nemendur sem sinna heimaþjálfuninni að fullu eiga kost á því að fara í endurmat. Eftir að niðurstöður úr báðum Logos–skimununum hafa verið skoðaðar má sjá að nemendur hafa aukið færni sína bæði í leshraða og lesskilningi.



Mynd 5. LOGOS - skilum skóli 3

Mynd 5 sýnir að nemendur í skóla 3 eru að bæta árangur sinn bæði í leshraða og lesskilningi á milli skimanna. Talnagildin í líkaninu vísa til hversu mörg prósent nemenda í stöðlunarhópum standa sig jafnvel eða lakar en nemandinn sem er verið að prófa. Leshraði hefur aukist um 13,4 stig og lesskilningur hefur einnig aukist um 12,7 stig. Stígandinn sem er í báðum þáttum skimunarinnar sýnir að nemendur eru að skila jákvæðum mælanlegum árangri.





Mynd 6. Lesfimiþróf skóli 3

Mynd 6 sýnir okkur meðaltal lesinna orða á mínútu. Á myndinni eru lestrarviðmið MMS tilgreind með gráum brotalínum. Nánari skýringar á viðmiðunum má finna í texta við mynd 2. Hópur eitt sem táknaður er með gulri línu er sá hópur sem sinnti heimaþjálfuninni að fullu og fór í Logos-endurmat er við það að ná lestrarviðmiðum eitt. Hópur tvö sem táknaður er með blárrí línu er sá hópur sem ekki sinnti heimaþjálfuninni að fullu, og fór því ekki í Logos-endurmat, er fjær því að ná viðmiðum1. Hér má sjá að meðaltal beggja hópanna hefur hækkað og er hópur 1 við það að ná viðmiðum 1 en hópur tvö vantar nokkuð í það.

## Umræður

Ísland hefur löngum verið þekkt fyrir ríka lestrarmenningu en ef marka má umræður í Þjóðfélaginu þá fer hún dvínandi. Mikið hefur verið um það rætt að undanfögnu hversu illa læs æska landsins er og standa jafnvel langt að baki jafnöldrum sínum í þeim löndum sem við viljum miða okkur við. Umræðan er meðal annars sú að þegar nemendur ljúka grunnskólagöngu sinni þá geti stór hluti þeirra ekki lesið sér til gagns og gamans. Til að sporna við þessari þróun þarf menntakerfið að taka höndum saman og grípa til aðgerða til að efla læsi og vekja áhuga ungs fólks til lesturs góðra bókmennta.

Eins og fyrr segir er MMS að vinna mikið og þarft verkefni með því að gefa út *Lesferil*, nýtt tæki til að meta grunnþætti læsis. Lesferill er safn matstækja sem ætlað er að mæla og meta margvíslegar hliðar læsis. Lesferil er ætlað að ná yfir alla skólagöngu barna, allt frá þriggja ára aldri til sextán ára aldurs. Má þar til að mynda nefna *Hljóm-2* sem metur stöðu hljóðkerfisvitundar og *Lesmál* sem metur stöðu lestrar hjá yngri börnum. Einnig er verið að vinna að því að koma prófum sem ætlað er að meta lesskilning og stafsetningu á rafrænt form. Niðurstöðum þessara prófa verður safnað saman í Skólagáttina. Ætla má að Lesferill komi til með að gefa raunhæfa og rétta mynd af stöðu nemenda þannig að vinna megi frekar með niðurstöðum og gera sér betur grein fyrir því til hvaða aðgerða þurfi að grípa. („Fræðilegur bakgrunnur lesfimi“, 2015.)

Leita verður leiða til að viðhalda þeim árangri sem næst á hverju skólaári og reyna að koma í veg fyrir að nemendur tapi niður þeirri færni sem þeir ná yfir skólaárið. Eins og fram kemur í töflunum um niðurstöður lesfimiþrófa nemenda hér að ofan þá eru nemendur að tapa allmikilli lestrarfærni yfir sumartímann. Sýnt hefur verið fram á að það tekur nemendur einn til þrjá mánuði að ná fyrri lestrarfærni eftir sumarfrí, en í raun ættu þau að vera að auka færni sína jafnt og þétt í stað þess að vinna upp.

Sumarlestur er verkefni sem Reykjanesbær hefur staðið fyrir undanfarin sumur þar sem fjölskyldur eru hvattar til lesa yfir sumartímann. Á vef Reykjanesbæjar er bent á nokkrar leiðir sem gagnast geta foreldrum til að gera sumarlesturinn sem skemmtilegastan og áhugaverðan fyrir börn jafnt sem fullorðna („Lesum í sumar“, 2018.).

Með samstilltu átaki heimilis og skóla má lyfta grettistaki þegar kemur að námi barna. Jákvætt viðhorf foreldra til heimaþjálfunar skiptir máli. Með því að sýna þjálfuninni áhuga og vera hvetjandi og jákvæð gagnvart henni getur það smitað áhugann til barnsins og meiri líkur eru til árangurs.

Mikilvægt er að halda áfram þeirri vinnu sem skólarnir og heimilin í þessari rannsókn eru að vinna eftir. Þjálfunarferlar skólanna eru þannig byggðir að þjálfunin fer fram heima með aðstoð foreldra.

Rannsóknin nær ekki að sýna fram á það með óyggjandi hætti að heimaþjálfun í lestri sé að skila mælanlegum árangri. Veikleiki rannsóknarinnar var sá að ekki tókst að vera með tvo samanburðarhópa þar sem annar hópurinn fékk markvissa heimaþjálfun en hinn ekki. Til að svara spurningunni hefði þurft samanburðarhópa og komum við þá að annarri hlið málsins. Væri það siðferðislega rétt að annar hópurinn fengi heimaþjálfun en hinn ekki?

Þó svo að niðurstöður þessarar rannsóknar svari ekki þeirri spurningu hvort að heimaþjálfun í lestri skili mælanlegum jákvæðum árangri í lestri. Þá skiptir þátttaka foreldra í lestrarþjálfun barna miklu máli. Án þátttöku foreldra í lestarþjálfuninni væri nær ómögulegt að ná þeim bætta árangri sem nemendur í þessari könnun eru að ná, því skólarnir hafa ekki yfir að ráða mannafla til að sinna svo markvissri þjálfun.

## Lokaorð

Það er trú mín að markviss lestrarþjálfun heima fyrir skili ekki bara miklum framförum í lestri hjá nemendum heldur hefur hún líka mikinn félagslegan ávinning í för með sér. Sá tími sem foreldrar og barn eyða saman við lestur er dýrmætur, því ljóst er að skólarnir hafa hvorki tíma né getu til þess að sinna þessari þjálfun eins og foreldrar geta.

Með áframhaldandi greiningum á þeim gögnum sem skólar bæjarins búa yfir má gera ráð fyrir að auka megi gæði lestrarþjálfunar nemenda til muna. Umbætur að lestrarþjálfun gætu til að mynda verið þær að skólarnir taki höndum saman og vinni að samræmdum aðgerðum. Hægt væri að stofna sameiginlegt læsisteymi þar sem hver skóli á einn fulltrúa. Það þjálfunarefni sem til er í verkfærakistum skólanna er gríðarlega mikið og vandað. Ætla má að skólarnir eigi til þjálfunarefni fyrir alla nemendur með tilliti til stöðu þeirra í lestri. Með samstilltri vinnu ætti að vera hægt að búa til einn öflugan gagnagrunn með þjálfunarefni þar sem allir skólar í Reykjanesbæ gætu sótt í. Miklu máli skiptir að það þjálfunarefni sem fer heim með nemendum sé vel unnið og að góðar leiðbeiningar fylgi því svo að þjálfunin skili sem bestum árangri til nemenda.

Ef að við getum stuðlað að framförum hjá nemendum með þessum hætti tel ég að það muni koma til með að nýtast menntakerfinu í heild sinni, ekki síst nemendunum sjálfum og foreldrum þeirra.

## Þakkir

Mig langar sérstaklega að þakka Hlyni Stefánssyni leiðbeinanda mínum fyrir einstaka lipra og góða leiðsögn við vinnu þessa verkefnis. Ég vil þakka verkefnastjórum skólanna þriggja fyrir veitta aðstoð og að gefa sér tíma til að svara spurningum mínum varðandi verkefnið. Helga Þór Ingasyni og Hauki Inga Jónassyni og öðrum kennurum í MPM náminu vil ég þakka fyrir samstarfið undanfarin tvö ár. Ingibjörgu Jóhannsdóttur og Guðbjörgu Rut Þórisdóttur þakka ég fyrir yfirlestur og góð ráð. Sigurbjörgu Jónsdóttur Salt þakka ég fyrir að stappa í mig stálinu á lokametrinum. Fjölskyldu minni þakka ég fyrir þolinmæðina og umburðalyndi undanfarin tvö ár.

## Heimildaskrá

Bjarnfríður J. Jónsdóttir, Guðbjörg Ingimundardóttir, Guðlaug Snorradóttir og Gyða Arnmundsdóttir. (2008). *Handbók fyrir LOGOS: fræðileg greining á dyslexíu og öðrum lestrarerfiðleikum / Torleiv Høien ; [þýðendur Bjarnfríður Jónsdóttir, Guðbjörg Ingimundardóttir, Guðlaug Snorradóttir og Gyða M. Arnmundsdóttir].* S.l.: Logometrica.

Fræðilegur bakgrunnur lesfimi. (e.d.). Sótt 24. apríl 2018 af [https://mms.is/sites/mms.is/files/fraedilegur\\_bakgrunnur\\_lesfimi\\_talglauerur\\_ss.pdf](https://mms.is/sites/mms.is/files/fraedilegur_bakgrunnur_lesfimi_talglauerur_ss.pdf)

Hvítbók um umbætur í menntun. (e.d.). Sótt 28. mars 2018 af [https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/frettir/Hvitbik\\_Umbaetur\\_i\\_menntun.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/frettir/Hvitbik_Umbaetur_i_menntun.pdf)

Kupzyk, S., McCurdy, M., Hofstadter, K. og Berger, L. (2011). Recorded Readings: A Taped Parent-Tutoring Intervention. *Journal of Behavioral Education*, 20(2), 87–102. doi:10.1007/s10864-011-9123-z

Kupzyk, S. S. og Daly, E. J. (2017). Teachers Engaging Parents as Reading Tutors. *Contemporary School Psychology*, 21(2), 140–151. doi:10.1007/s40688-016-0113-y

Lesfimiviðmið Menntamálastofnunar. (e.d.). Sótt 29. mars 2018 af [https://mms.is/sites/mms.is/files/lesfimividmid\\_mms.pdf](https://mms.is/sites/mms.is/files/lesfimividmid_mms.pdf)

Lesum í sumar. (e.d.). Sótt 28. mars 2018 af [https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Fraedslusvid/lesum\\_i\\_sumar.pdf](https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Fraedslusvid/lesum_i_sumar.pdf)

Læsisstefna Reykjanesbæjar. (e.d.). Sótt 28. mars 2018 af [https://www.reykjanesbaer.is/static/files/pdf\\_skjol\\_allir/rnb-laesisstefna-2017.pdf](https://www.reykjanesbaer.is/static/files/pdf_skjol_allir/rnb-laesisstefna-2017.pdf)

Þjóðarsáttmáli um læsi. (e.d.). Sótt 28. mars 2018 af <https://www.stjornarradid.is/verkefni/menntamal/thjodarsattmali-um-laesi/>